

Föstudaginn 4. desember 1987.

Nr. 337/1987. **Ákærvaldið**

gegn

Steingrími Njálssyni

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðmundur Jónsson og Þór Vilhjálmsson og Gaukur Jörundsson settur hæstaréttardómari.

Varnaraðili hefur skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 27. nóvember s.l. sem barst Hæstarétti sama dag. Krefst hann þess að úrskurðurinn verði ómerktur og kröfum ákærvalds hafnað. Þá er krafist málsvarnarlauna í þessum þætti málsins sérstaklega.

Af hálfu ákærvalds er þess krafist að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Í athugasemdum, sem verjandi varnaraðila hefur sent Hæstarétti, er vakin athygli á, að varnaraðili var ekki látinn sæta gæslu eftir að hann var handtekinn vegna meintra brota. Telur verjandinn að sú afstaða hafi þá komið fram, að ekki sé ástæða til að beita gæsluvarðhaldi vegna ákæruatriðanna. Þá segir í athugasemdunum, að 67. gr. laga nr. 74/1974 sé engin heimild til að handtaka mann löngu eftir að rannsókn máls lýkur og krefjast gæsluvarðhalds, þó að engar nýjar upplýsingar eða ný ákæruatriði hafi komið fram. Verjandi tekur fram, að hann telji líklegt, að refsing verði mun vægari en í dómi sakadóms.

Ákærði er vanaafbrotamaður, sem ætla má að haldi áfram brotum, ef hann er látinn vera laus, meðan máli hans er ekki lokið. Skiptir ekki máli, hvort honum var gert að sæta gæslu fyrr vegna brotanna, sem fjallað er um í þessu máli, en allt frá því að hann var sakfelldur með dómi sakadóms Reykjavíkur 10. nóvember s.l. hefur hann verið sviptur frelsi. Var það vegna afplánunar annars dóms allt til 28. nóvember, en síðan vegna hins kærða úrskurðar. Ber að staðfesta hinn kærða úrskurð á grundvelli 5. tl. 1. mgr. 67. gr. laga nr. 74/1974. Að þeirri niðurstöðu fenginni þarf ekki að fjalla um, hvort einnig hefði átt að staðfesta úrskurðinn eftir 4. eða 6. tl. sömu málsgreinar.

Málsvarnarlaun verða ekki dæmd sérstaklega í þessum þætti málsins.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms Reykjavíkur 27. nóvember 1987.

Ár 1987, föstudaginn 27. nóvember var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í Borgartúni 7 af Gunnlaugi Briem yfirsakadómar, kveðinn upp úrskurður þessi.

Ríkissaksóknari hefur með bréfi dagsettu 24. þ.m. gert þá kröfu að Steingrímur Njálsson, refsifangi á vinnuhælinu að Litla-Hrauni, fæddur 21. apríl 1942, verði úrskurðaður til að sæta gæsluvarðhaldi þar til hæstaréttardómur gengur í máli hans, þó eigi lengur en til 26. febrúar 1988 klukkan 17:00. Steingrímur hafi með dómi sakadóms Reykjavíkur hlotið fangelsi í 2 ár og 6 mánuði fyrir brot gegn 209. gr. almennra hegningarlaga nr. 19, 1940 og 45. gr. laga nr. 53, 1966 um vernd barna og ungmenna. Hann hafi áfrýjað dómi þessum. Hann sé nú að afplána refsidóma og ljúki afplánun 28. þ.m. Segir í bréfi ríkissaksóknara að gæsluvarðhaldskrafan sé gerð vegna hinna alvarlegu sakarefna í máli þessu og brotaferils Steingríms og sé í því efni vísað til 4., 5. og 6. tl. 67. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála.

Verjandi Steingríms Njálssonar hefur í greinargerð sinni gert kröfu til þess að framangeindri kröfu ákærvalds um að Steingrímur verði látinn sæta gæsluvarðhaldi verði hafnað. Jafnframt krefst verjandinn hæfilegrar málflutningsþóknunar. Verjandinn hefur í greinargerð sem hann lagði fram, reifað málið og fært fram lagarök fyrir kröfu sinni. Er niðurstaða hans sú, að engin skilyrði séu til að verða við gæsluvarðhaldskröfu ákærvalds í máli þessu og beri því að hafna henni.

Steingrímur Njálsson hlaut með dómi Sakadóms Reykjavíkur 10. þ.m. fangelsi í 2 ár og 6 mánuði eins og áður greinir. Segir svo í dóminum um sakferil hans og refsiviðurlög sem hann hefur hlotið fyrir margháttuð brot: „Ákærði, sem er sakhæfur, á að baki óvenjulega langan og mikinn sakferil.

Á árinu 1959 var ákæru tvívegis frestað á hendur honum fyrir þjófnaðarbrot. Ákærði hefur frá árinu 1963 hlotið 23 refsidóma fyrir kynferðisafbrot, þjófnaði, líkamsárásir, fjársvik, skjalafals og ölvun og réttindaleysi við akstur. Er samanlögð refsivist ákærða samkvæmt þessum dómum orðin 9 ár og 3½ mánuður. Þar að auki hefur ákærði verið sektaður 13 sinnum fyrir ölvunarbrot.“

Um kynferðisafbrot Steingríms segir á þessa leið í dóminum:

„Með dómi sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 11. nóvember 1963 var ákærði m.a. sakfelldur fyrir að fleka 11 ára dreng upp í bifreið og girða þar niður um hann og slá drenginn í andlitið, þegar hann veitti mótspyrnu.

Með sama dómi var ákærði sakfelldur fyrir að fleka annan 11 ára dreng upp í bifreið til sín, girða niður um hann og hafa kynferðismök við hann nauðugan.

Með dómi sakadóms Gullbringu- og Kjósarsýslu 11. desember 1964 var ákærði sakfelldur fyrir að fleka 11 ára dreng upp í bifreið og hafa við hann kynferðismök nauðugan.

Með sama dómi var ákærði sakfelldur fyrir að fleka 10 ára dreng upp í bifreið sína og hafa við hann kynferðismök nauðugan.

Þá var ákærði með þessum sama dómi sakfelldur fyrir að fleka 12 ára dreng upp í bifreið sína og hafa við hann kynferðismök nauðugan.

Enn var ákærði með þessum sama dómi sakfelldur fyrir að fleka tvo unga drengi, 11 og 13 ára, inn á Hafnarsalarnið í Keflavík á árunum 1961-1963 og hafa við þá kynferðismök.

Með dómi sakadóms Hafnarfjarðar 2. október 1978, var ákærði sakfelldur fyrir að fleka 9 ára dreng upp í bifreið og hafa við hann nauðugan samræðismök.

Með sama dómi var ákærði sakfelldur fyrir að tæla 12 ára dreng inn í hóteliherbergi til sín og hafa þar við hann kynferðismök nauðugan.

Með dómi sakadóms Reykjavíkur 5. september 1986 var ákærði sakfelldur fyrir að þukla á 10 ára dreng á lostugan hátt og kyssa hann á andlitið á veitingastofu.

Með sama dómi var ákærði sakfelldur fyrir að veitast að 13 ára dreng í búningssklefa Sundhallarinnar í Reykjavík og fara höndum um líkama hans og kyssa hann.”

Niðurstöður.

Svo sem nú hefur verið rakið hlaut Steingrímur 10. þ.m. með dómi sakadóms Reykjavíkur fangelsi í 2 ár og 6 mánuði. Hann hefur áfrýjað dóminum til Hæstaréttar. Með hliðsjón af dómi þessum svo og þegar virtur er sakferill Steingríms þykir rétt með vísan til 4. og 5. tl. 67. gr. laga nr. 74, 1974 um meðferð opinberra mála að taka framkomna gæsluvarðhaldskröfu til greina og úrskurða Steingrím til að sæta gæsluvarðhaldi uns hæstaréttardómur gengur í máli hans, þó eigi lengur en til 26. febrúar 1988 kl. 11:30.

Dómarinn telur rétt að ákvörðun um þóknun til Ragnars Aðalsteinssonar hrl. vegna starfa hans í máli þessu biði lokadóms í máli Steingríms Njálssonar.

Ú r s k u r ð a r o r ð:

Steingrímur Njálsson skal sæta gæsluvarðhaldi þar til hæstaréttardómur gengur í máli hans, en þó eigi lengur en til 26. febrúar 1988 kl. 11:30.